



Band Up

Notendahandbók

BSc Tölvunarfræði

Haut 2016

Nemendur:

Bergþór Prastarson

Dagur Arinbjörn Daníelsson

Elvar Laxdal

Rafal Motybel

Kennari: Hallgrímur Arnalds

Leiðbeinandi: Birgir Kristmannsson

Prófdómari: Guðný Ragna Jónsdóttir


Inngangur	3
Login	4
Register	5
Instruments and Genres	6
Near Me	7
Navigation	8
User Details	9
My Profile	10
Edit Profile	11
Matches	12
Chat	13
Settings	14
Search	15

Inngangur

Þetta er notendahandbók fyrir Band Up. Band Up er hugsað fyrir tónlistarfólk á öllum aldri. Það á að auðvelda fólki að komast í samband við annað tónlistarfólk. Band Up er samskiptamiðill þar sem hægt er að kynnast öðru tónlistarfólki og mynda hljómsveitir. Þessi handbók á að auðvelda notendum að skilja hvernig appið virkar.

Við byrjum á innskráningu og nýskráningu, svo er farið yfir hvernig valin eru hljóðfæri og tónlistarsmekkir. Eftir það verður farið í hvernig á að nota grunnkerfi appsins í skjámyndum til að auðvelda notanda til að læra á appið.

Login



Pegar notandi opnar Band Up appið kemur þessi skjár upp.


Til að innskrá sig þarf notandi að slá inn tölvupóstfang og lykilorð til að auðkenna sig.

Ef notandi gleymir lykilorði þá getur notandinn ýtt á “Forgot your password?” sem færir notanda á aðra síðu til að breyta lykilorði.

Til að búa til nýjan aðgang þarf notandinn að ýta á “Do not have an account? Sign up here.” Þá er notandinn færður yfir á aðra síðu til að búa til nýjan aðgang.

Ef notandi vill hinsvegar innskrá sig með öðrum hætti getur hann það með því að velja viðeigandi leiðir, Facebook, SoundCloud eða Google.

Register



Nice job! You're displaying a 320 x 50 test ad from AdMob.

Email

Name

Password


Confirm Password

Date of Birth

REGISTER


Þegar notandi hefur ýtt á “Do not have an account? Sign up here.” þá er notandinn færður á “Register” skjáinn þar sem hann þarf að slá inn tölvupóstfang, nafn, lykilorð og fæðingardag. Síðan ýtir hann á “Register” hnappinn til að staðfesta nýskráningu.

Instruments and Genres




Þegar notandinn er búinn að nýskrá sig þá þarf hann að velja hljóðfæri sem hann spilar á og síðan tónlistarsmekk sinn. Síðan eru þessir skjáir endurnýttir þegar notandi vill breyta þessum upplýsingum.

Near Me




Þegar notandinn er búinn að skrá sig inn fer hann beint á „Near Me“ síðuna þar sem hægt er að „swipe-a“ á milli notenda frá vinstri til hægri. Details er til að sjá nánari upplýsingar um tiltekinn notanda. Like er til að líka við tiltekinn notanda, og ef gagnkvæmt like myndast á milli tveggja notenda þá verður til „match“, og notandinn bætist inn í „Matches“ listann. Efst upp í hægra horni er leitarvél sem leiðir notanda að finna aðra notendur. Yfirlitsstika efst uppi í vinstra horni er yfirlit yfir skjái sem hægt er að ferðast til.

Navigation




Hér kemur listi af valmöguleikum sem notandinn getur farið til. Fyrir hvern valmöguleika fer notandinn á viðeigandi skjá. Nema „Log Out“ sem skráir notenda úr app-inu (og sendir hann á innskráningarskjáinn).

User Details



Þegar notandi ýtir á „Details“ í „Near Me“ eða bara ýtir á myndina, þá birtist þessi skjár, sem inniheldur allar upplýsingar um valinn notanda, og það sem hann hefur skrifað um sjálfan sig.

My Profile



Þetta er eigin prófíll innskráða notandans þar sem hann skráir allar upplýsingar um sjálfan sig. Uppi í horni hægra megin getur hann ýtt á pennan ef honum langar að breyta einhverju á eigin prófíl.

Edit Profile

← My Profile

Nice job! You're displaying a 320 x 50 test ad from AdMob.

Name
elvar

Date of Birth
11/5/90 (26)

What instruments do you play?
Guitar, Keyboard, Percussion

What is your taste in music?
Pop, Blues


Your Favourite Instrument
Percussion

What are your influences?

About Me


Á þessum skjá getur notandi breytt nafninu sínu, en það birtist öllum, aldri, hljóðfæri sem hann spilar á, tónlistarsmekk, uppáhalds hljóðfæri og skrifað eitthvað um sjálfan sig.

Matches




Hér getur notandi séð hverjir hafa líkað hann til baka, og ef ýtt er á einhvern notanda þá er farið beint í spjall glugga þar sem notendur geta átt samskipti hvorn við annan.

Chat




Hér getur notandi skrifað inn texta og ýtt á send takkann til að senda þann texta sem skilaboð, einnig er takki til að fara til baka á „Matches“ skjámyndina.

Settings



Í þessum glugga, getur notandi stillt innan við hvaða radíus og aldur aðrir notendur munu birtast fyrir hann í „Near Me“ skjánum. Einnig hefur hann þann valmöguleika um að kveikja og slökkva á tilkynningum varðandi lækið, skilaboð og almennt, og breyta mílum í kílómetra ef hann kýs það.

Search



The screenshot shows a mobile application interface with a dark theme. At the top, there is a status bar with a location icon, LTE signal, battery, and the time 10:14. Below the status bar is a navigation bar with a hamburger menu icon and the word "Search". The main content area starts with the text "Please enter search parameters". Below this is a section titled "Search by name" with a text input field. Underneath is a section titled "Ages" with a range slider between "Min" and "Max". There are two buttons: "SELECT INSTRUMENTS" and "SELECT GENRES", both with "None selected" text below them. At the bottom of the main content area is a large green button labeled "SEARCH". The bottom of the screen shows the Android navigation bar with back, home, and recent apps icons.

Þessi gluggi leyfir okkur að leita að ákveðnum einstakling hvort það er eftir nafni, aldri, hljóðfæri eða tónlistarsmekk. Leitin hunsar allar stillingar í „Settings“.